



BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12-14

Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi, 647. mál.

Bolungarvíkurkaupstaður fékk til umsagnar mál 647, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Um er að ræða breytingar á lögum er varða fiskeldi, aðallega lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

Bolungarvíkurkaupstaðuar leggst gegn því að áhættumat Hafrannsóknarstofnunar verði bindandi fyrir Sjávarútvegsráðherra, eins og fram kemur í þriðju málsgrein 7.gr laganna. Eðlilegt er að um þetta gildi sömu reglur og tíðkast þegar Hafrannsóknarstofnun leggur til veiðráðgjöf hvers árs í nytjastofnun.

Lagt er til að setningin „Tillagan er bindandi fyrir ráðherra“ í 7.gr., þriðju málsgrein verði felld út.

Fram kemur í 19.gr, b lið, að Hafrannsóknarstofnun geti stundað tímabudnar rannsóknir með leyfi ráðherra. Mikilvægt er að slíkar rannsóknir verði ekki hamlandi á frampróun innan greinarinnar og Hafrannsóknarstofnun geti ekki haldið stórum eldissvæðum í ‚gíslingu‘ með því að stunda rannsóknir árum saman. Mikilvægt er að í lögnum sé skýr tímarammi um hvernig rannsóknir sé heimilt að framkvæma og í hversu langan tíma.

Bolungarvík, 28. Mars 2019



Bæjarstjórnin í Bolungarvík

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvík